



Fundargerð

446. fundur velferðarráðs Reykjanesbæjar, haldinn að Grænásbraut 910
11. september 2025, kl. 13:00

Viðstaddir: Sigurrós Antonsdóttir formaður, Andri Fannar Freysson, Ásta Kristín Guðmundsdóttir, Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir og Unnar Stefán Sigurðsson.

Að auki sátu fundinn Hera Ósk Einarsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs, Hilma Hólmfríður Sigurðardóttir, teymisstjóri virkni- og ráðgjafarteymis og Aðalheiður Ósk Gunnarsdóttir ritari.

Birna Ósk Óskarsdóttir boðaði forföll og sat Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir fundinn í hennar stað. Eyjólfur Gíslason boðaði forföll og sat Unnar Stefán Sigurðsson fundinn í hans stað.

* * *

1. Fjárhagsáætlun 2026 (2025060320)

Hera Ósk Einarsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs fór yfir drög að fjárhagsramma velferðarsviðs og tímaáætlun fjárhagsáætlunarvinnu vegna ársins 2026.

2. Endurskoðun á reglum um akstursþjónustu leikskólabarna (2022010182)

Ólafur Garðar Rósinkarsson, verkefnastjóri í málefnum fatlaðs fólks, mætti á fundinn og fór yfir stöðuna á vinnu við endurskoðun á reglum um akstursþjónustu leikskólabarna.

Velferðarráð felur verkefnastjóra í málefnum fatlaðs fólks að vinna málið áfram.

3. Styrkir til fatlaðs fólks vegna náms og verkfærakaupa (2024030016)

Ólafur Garðar Rósinkarsson, verkefnastjóri í málefnum fatlaðs fólks, mætti á fundinn og gerði grein fyrir málinu.

Velferðarráð vísar málinu til bæjarráðs.

4. Álagsmælingar í barnavernd (2025090159)

Niðurstöður álagsmælingar sem framkvæmdar voru hjá barnaverndarþjónustu í mars og júní 2025 lagðar fram.

5. Ljósanótt - skýrsla athvarfs (2024120245)

Skýrsla um starfsemi barnaverndarþjónustu í athvarfi á Ljósanótt 2025 lögð fram.

Velferðarráð lýsir yfir ánægju með hversu vel Ljósanæturhátíðin fór fram og þakkar öllum sem að komu fyrir vel unnin störf og gott samstarf.

6. Farsældarráð Suðurnesja - tilnefningar (2025060040)

Á fundi bæjarráðs 4. september sl. var lagt fram erindi frá verkefnastjóra farsældar á Suðurnesjum þar sem óskað var eftir tilnefningum á fulltrúum Reykjanesbæjar í farsældarráð Suðurnesja og framkvæmdahóp farsældarráðs.

Bæjarráð tilnefndi í farsældarráð Suðurnesja þau Heru Ósk Einarsdóttur fyrir hönd velferðarsviðs, Helga Arnarson fyrir hönd menntasviðs, Sverri Bergmann Magnússon fyrir hönd meirihluta bæjarstjórnar og Margréti Þórarinsdóttur fyrir hönd minnihluta bæjarstjórnar. Í framkvæmdahóp voru tilnefndar Kolfinna Njálsdóttir deildarstjóri skólaþjónustu fyrir hönd menntasviðs og Vilborg Pétursdóttir teymisstjóri barna- og fjölskylduteymis fyrir hönd velferðarsviðs.

7. Áform um frumvarp til laga um brottfararstöð (2025010342)

Hera Ósk Einarsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs gerði grein fyrir málinu.

8. Fundargerð Samtakahópsins 27. maí 2025 (2025020056)

Fundargerðin lögð fram.

9. Fjárhagsaðstoð og sérstakur húsnæðisstuðningur - tölulegar upplýsingar (2025020181)

Tölulegar upplýsingar vegna fjárhagsaðstoðar og sérstaks húsnæðisstuðnings í ágúst 2025 lagðar fram.

Fjárhagsaðstoð

Í ágúst 2025 fengu 117 einstaklingar greidda fjárhagsaðstoð til framfærslu frá Reykjanesbæ.

Alls voru greiddar 13.879.081 kr. í fjárhagsaðstoð til framfærslu eða að meðaltali um 118.625 kr. á hvern einstakling. Fjöldi barna á framfæri foreldra/forráðamanna á fjárhagsaðstoð var 33.

Í ágúst 2024 fengu 199 einstaklingar greidda fjárhagsaðstoð til framfærslu frá Reykjanesbæ. Alls voru greiddar 32.181.193 kr. í fjárhagsaðstoð til framfærslu eða að meðaltali 161.715 kr. á hvern einstakling. Fjöldi barna á framfæri foreldra/forráðamanna á fjárhagsaðstoð var 69.

Sérstakur húsnæðisstuðningur

Í ágúst 2025 fengu 286 einstaklingar greiddan sérstakan húsnæðisstuðning sveitarfélagsins. Samtals voru greiddar 6.801.304 kr.

Í sama mánuði 2024 fengu 278 einstaklingar greiddan sérstakan húsnæðisstuðning sveitarfélagsins, samtals 6.967.539 kr.

Áfrýjunarnefnd

Í ágúst 2025 var haldinn 1 fundur í áfrýjunarnefnd og 5 erindi lögð fyrir nefndina. 3 erindi voru samþykkt og 2 erindum var synjað.

10. Mælaborð velferðarsviðs (2025020180)

Hera Ósk Einarsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs fór yfir mælaborð fyrir janúar-júlí 2025.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:06.